

Nd.

121. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu, á Melstað í Selárdal í Barðastrandarsýslu og í Leirhöfn á Sljettu í Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.